

Fundargerð 218. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 30. apríl 2019
Fundartími: 17:00 – 18:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Heimir Rafn Bjarkason varamaður Rósu Matthíasdóttur
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Friðrik Einarsson KPMG endurskoðun
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Athugasemd gerð vegna misritunar á dagsetningu fundargerðar skipulagsnefndar en hún á að vera dags. 10.04.2019. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Flóahrepps 2018 – fyrri umræða

Friðrik Einarsson endurskoðandi KPMG mætti til fundarins og kynnti ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2018 ásamt endurskoðunarskýrslu.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar ársreikningi ársins 2018 til síðari umræðu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Skipulagsmál:

Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 175, dags. 10.04.2019

Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað þar sem fundargerðin hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu í skipulagsnefnd Uppsveita.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Heimir Rafn Bjarkason (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)